

**3. gr.**

Gjöld samkvæmt 2. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir um áramót.

**4. gr.**

Gjalddagar gatnagerðargjalds, skv. 2. gr., skulu vera sem hér segir:  
Ef um er að ræða leigulóð í eigu sveitarfélags, getur sveitarstjórn áskilið, að úthlutun verði háð því, að full skil verði gerð innan ákveðins frests, áður en byggingarleyfi verður veitt eða sérstakur samningur gerður um greiðslur.

**5. gr.**

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Samþykkt þessi, sem samin hefur verið og samþykkt af hreppsnefnd Selfoss-hrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. desember 1974.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

**AUGLÝSING**

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið  
1. september til 31. desember 1974.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. september til 31. desember 1974:

**Óverkaður saltfiskur.**

Stórfiskur nr. 1 .....	kr. 156.70
Millifiskur nr. 1 .....	— 151.70
Smáfiskur 40/60 nr. 1 .....	— 146.70
Smáfiskur 60/100 nr. 1 .....	— 130.00

Verð þessi eru f.o.b. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

**Söltuð ufsaflök.**

15/20 .....	kr. 160.00
21/25 .....	— 155.00

26/30 .....	kr. 150.00
31/35 .....	— 143.00
36/40 .....	— 138.00

Verð þessi eru c.i.f. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 27. desember 1974.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Gylfi Þórðarson.*

31. desember 1974.

Nr. 398.

## **B Æ J A N Ö F N**

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953, um bæja-nöfn o. fl., gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1974:

### **Vestur-Húnavatnssýsla:**

Ásland í stað nafnsins Fremri-Fitjar I á nýbýli í Fremri-Torfustaðahreppi.

### **Skagafjarðarsýsla:**

Laugamýri á nýbýli í landi Laugarhvamms, Lýtingsstaðahreppi.  
Árgarður á félagsheimili í Lýtingsstaðahreppi.

### **Eyjafjarðarsýsla:**

Steinhólar á smábýli í landi Grænuhlíðar, Saurbæjarhreppi.  
Laugasteinn á nýbýli í landi Laugahlíðar, Svarfaðardalshreppi.

### **Suður-Þingeyjarsýsla:**

Stiklur á nýbýli í landi Grímsstaða, Mývatnssveit.  
Heiðargarður á smábýli í landi Miðhvamms, Aðaldælahreppi.  
Fossbrekka á smábýli í landi Mógils, Svalbarðsstrandahreppi.

### **Vestur-Skaftafellssýsla:**

Ytri-Lyngar II á nýbýli í landi Ytri-Lynga, Leiðvallahreppi.

### **Árnessýsla:**

Keldnakot II á nýbýli í landi Keldnakots, Stokkseyrarhreppi.  
Langholt III á nýbýli í landi Langholts I, Hraungerðishreppi.  
Lækjartún á garðyrkjubýli í landi Árbæjar, Ölfushreppi.  
Straumar á garðyrkjubýli í landi Árbæjar, Ölfushreppi.  
Hamratunga á iðnaðarbýli í landi Skaftholts, Gnúpverjahreppi.  
Ísabakki á nýbýli í landi Hvítárhólts, Hrunamannahreppi.  
Stóra-Sandvík III á þjónustubýli í landi Stóru-Sandvíkur, Sandvíkurhreppi.  
Stallar á ylræktarnýbýli í landi Neðradals, Biskupstungnahreppi.